

Málrækt

Gorma bls. 131-132

Lilja Guðný

Málrækt

- Skin og skúrir hafa skipst á í málefnum íslenskrar tungu í aldanna rás.
- Niðurlæging íslenskunar varð mest þegar bæjarfógetanum í Reykjavík þótti ástæða til að minna á að það ætti að tala íslensku í íslenskum kaupstað.
- Þá var danskan farin að gera sig ansi heimakomna þar.
- Íslenskan hefur staðið af sér marga storma og fyrir vikið hafa Íslendingar haldið tungu sinni.

- Oft er sagt að íslensk tunga sé það sem geri okkur að þjóð.
- Því er ekki undarlegt að hér á landi hafi verið fylgt öflugri málverndarstefnu.
- Í stað dönskunnar sem ógnaði íslenskunni áður fyrr er enskan nú ágengur gestur.
- Til þess að vernd tungunnar sé áhrifarík þarf öll þjóðin að taka höndum saman og vinna einhuga að henni.
- Íslensk tunga hefur lítið breyst í aldanna rás og því getum við enn lesið hinar ýmsu bókmenntaperlur frá hinni 1100 ára sögu okkar í þessu landi nokkuð skammlaust. Það á ekki við um allar þjóðir.

- Íslenskt beygingarkerfi hefur einnig haldist lítið breytt frá fornmáli.
- Sama má segja um röðun orða í setningar eða orðskipan.
- Miklar breytingar hafa hins vegar orðið á framburði en það kemur ekki að sök því að málheimildir okkar eru allar ritaðar og stafsetning hefur ekki breyst eins mikið og framburður.
- Með íslenskri málverndarstefnu er reynt að varðveita málið að mestu leyti eins og það var.

- Lifandi tungumál er hins vegar ekki hægt að varðveita óbreytt eins og forngrip, það tekur mið af veruleikanum hverju sinni og breytist í samræmi við hann. Orð deyja og önnur bætast við.
- Við getum samt haft áhrif á hvernig málið breytist og valið nýyrði frekar en tökuorð og slettur.
- Til þess að halda megi uppi öfluggu málverndarstarfi er mikilvægt að fólk þekki tunguna vel. Skilningur á málkerfinu gerir fólk færara til að greina hvað er rétt og gott mál.
- Málfræði er því ekki pyntingartæki sem kennarar fundu upp til að kveðja nemendur sína, heldur nauðsynlegt hjálpartæki hverjum þeim sem stundar málrækt.